



# Selkórinn - Vortónleikar

í Seltjarnarneskirkju  
5. maí 2024 kl. 16:00

*Stjórnandi: Sigrún Þorgeirsdóttir*

*Skráin gildir sem aðgöngumiði – miðaverð 3.500 kr.*

**Selkórinn** var stofnaður árið 1968 og var upphaflega kvennakór, en hefur starfað óslitið sem blandaður kór eftir að karlar gengu til liðs við hann árið 1976. Selkórinn hefur á ferli sínum sungið víða erlendis sem hérlendis þó Seltjarnarneskirkja sé ávallt helsta tónleikahúsið.

**Sigrún Þorgeirsdóttir** lauk 8. stigs prófi í söng frá Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem Sieglinde Kahmann var aðalkennari hennar. Leiðin lá síðan til Bandaríkjanna en hún lauk MM prófi í söng frá Boston University og stundaði síðan framhaldsnám í kórstjórn við Florida State University. Sigrún hefur starfað víða við tónlist, bæði sem söngvari og kórstjóri. Hún stjórnaði Kvennakór Reykjavíkur um rúmlega tólf ára skeið frá 1997-2009 og hefur sungið með Söngkvartettinum Rúdólf frá stofnun hans 1992. Hún stjórnaði Karalakórnum Stefni í Mosfellsbæ í sex ár 2016-2022. Sigrún tók við stjórn Selkórsins vorið 2023. Sigrún hefur komið fram með kóra sína og sem söngvari á fjölda tónleika, bæði á Íslandi og erlendis, og eru geisladiskarnir orðnir sex talsins. Auk menntunar á tónlistarsviðinu hefur Sigrún BSc próf í efnafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem skrifstofustjóri verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

**Vignir Þór Stefánsson** byrjaði átta ára gamall að læra á píanó í Tónlistarskóla Árnessýslu. Átján ára gamall var hann farinn að spila á dansleikjum með hljómsveitinni Karma. Hann stundaði djasspíanó-nám við Tónlistarskóla FÍH og lauk einnig tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Árið 1995 fluttist Vignir til Haag í Hollandi til að leggja stund á djasspíanó í Konunglega Tónlistar-háskólanum í Haag. Þaðan lauk hann mastersprófi vorið 2001. Samhliða náminu lék Vignir með djasshljómsveitum af öllum stærðum og gerðum. Hann lék einnig á hljómborð í söngleikjum fyrir stærsta söngleikjafyrirtæki Hollands. Eftir að hafa flutt aftur heim til Íslands hefur Vignir komið víða við í íslensku tónlistarlífi, á tónleikum, sjónvarpsþáttum og hljómdiskum. Hann hefur unnið mikið í leikhúsum og verið hljómborðsleikari í söngleikjum og nú síðast hljómsveitarstjóri í söngleiknum Chicago sem sýnt var hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann sinnir kennslu og meðleik við Tónlistarskóla FÍH, Menntaskóla í Tónlist (MÍT) og Listaháskóla Íslands.

**Agnar Már Magnússon** er íslenskur djasstónlistarmaður. Hann hóf tónlistarnám sitt sex ára gamall við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann lagði fyrst stund á orgelleik en síðar píanó. Eftir lokapróf frá tónlistarskóla FÍH og Conservatorium van Amsterdam í Hollandi stundaði hann nám hjá Larry Goldings og fleiri einkakennurum í New York. Þar komst Agnar jafnframt í kynni við marga þekktu djasstónlistarmenn og þau kynni leiddu meðal annars til útgáfu fyrsta geisladisks hans sem ber nafnið 01. Núll einn var gefinn út 2001 og honum dreift víða um heim af spænska plötufyrirtækinu Fresh Sound-New Talent. Síðan þá hefur Agnar sent frá sér marga geisladiska sem hafa flestir hlotið tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2001. Þeirra á meðal eru Tónn í tómið, tónleikaupptaka af píanó-dúett með Ástvaldi Traustasyni; tveir geisladiskar með B3 orgeltríóinu, Fals og Kör, geisladiskur með frumsaminni tónlist við leikritið Nítjánhundruð, Ég um þig með söngkonunni Kristjönu Stefánsdóttur og síðast ekki síst, Láð sem kom út 2007. Agnar Már kallar Láð heimkomu sína og vinnur þar úr íslenskum tónlistararfi en lagið „Daboli“ var valið djasstag ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2008. Agnar hefur hlotið verðlaunin „Outstanding Musicianship Award“ frá Berklee-tónlistarháskólanum í Boston og komist í undanúrslit í Alþjóðlegu djass-píanókeppninni Martial Solal í París haustið 2002. Hann hefur útsett lög fyrir geislaflötur og söngleiki, starfað með Stórsveit Reykjavíkur í mörg ár, leikið á tónleikum á Íslandi sem erlendis, verið píanóleikari og annast tónlistarstjórn í leikhúsi.

## Efnisskrá

<b><i>Liebeslieder Walzer (Ástarvalsar)</i></b>	<i>Johannes Brahms</i>
<b><i>Hlé</i></b>	<i>Kaffi og konfekt</i>
<b><i>Við Reykjavíkurtjörn</i></b>	Gunnar Þórðarson / Davíð Oddsson úts. Daníel Þorsteinsson
<b><i>Er hann birtist</i></b>	Gunnar Þórðarson / Þorsteinn Eggertsson, úts. Ríkharður Örn Pálsson
<b><i>Bláu augun þín</i></b>	Gunnar Þórðarson / Ólafur Gaukur Þórhallsson, úts. Eypór Gunnarsson
<b><i>Meðan dagur er</i></b>	Jóhann Helgason / Margrét Jónsdóttir, úts. Sigurður Geirsson
<b><i>Karen</i></b>	Jóhann Helgason / Björn Björnsson, úts. Helga L. Finnbogadóttir
<b><i>Braggablús</i></b>	Magnús Eiríksson, úts. Skarphéðinn Hjartarson
<b><i>Allur lurkum laminn</i></b>	Hilmar Oddsson, úts. Skarphéðinn Hjartarson
<b><i>Önnur sjónarmið</i></b>	Hilmar Oddsson, úts. Skarphéðinn Hjartarson
<b><i>Vorið kemur</i></b>	Valgeir Guðjónsson / Jóhannes úr Kötlum, úts. Gunnar Gunnarsson

## **„Létt“ þýðing á Liebeslieder Walzer (Ástarvalsar) Brahms**

**1. Rede, Mädchen** *Segðu mér, sætasta stúlkan mín, sem hefur með augum þínum kveikt í svala brjósti mínu þessar villtu, ástríðufullu tilfinningar. Ætlarðu ekki að gefa eftir? Ætlarðu að lifa án hrifandi ástar? Eða viltu að ég komi? Að lifa án ástarsælu eru bitur örlög sem ég myndi ekki vilja. Komdu með dökku augun þín, þegar stjörnurnar heilsa.*

**2. Am Gesteine rauscht die Flut** *Öldurnar þjóta um klettana. Sá sem kann ekki að andvarpa mun læra það þegar hann elskar.*

**3. O die Frauen** *Ó konur, ó konur, þær veita svo mikla gleði! Ég væri löngu orðinn munkur, ef það væri ekki fyrir konurnar!*

**4. Wie des Abends schöne Röte** *Eins og yndislegt sólsetur myndi ég, auðmjúka stúlkan ljóma. Að gleðjast aðeins einum þá myndi ég geisla af endalausri hrifningu.*

**5. Die grüne Hopfenranke** *Græna vafningsjurtin skríður lágt eftir jörðinni og unga stúlkan er svo sorgmædd. Vafningsjurt, hví teygirðu þig ekki upp til himins? Hví er hjarta þitt svo þungt, fallega stúlka? Hvernig getur vafningsjurtin risið án stuðnings? Hvernig getur stúlkan verið glöð þegar elskhugi hennar er fjarri?*

**6. Ein kleiner, hübscher Vogel** *Lítill, sætur fugl flaug inn í garð fullan af ávöxtum. Ef ég væri sætur lítill fugl, myndi ég ekki hika heldur gera eins og hann. En límgildirur leyndust þar og fuglinn komst ekki burt. Ef ég væri lítill fugl myndi ég hika og ekki gera eins og hann. Falleg hönd tók í fuglinn og gerði honum ekkert illt. Ef ég væri sætur lítill fugl þá myndi ég ekki hika og gerði eins og hann!*

**7. Wohl schön bewandt war es** Það var vissulega fallett hér áður í lífi mínu með ástinni minni. Hann sá mig í gegnum vegg, jafnvel tíu veggi. En nú stend ég frammi fyrir köldu augnaráði hans og hvorki augu hans né hjarta taka eftir mér.

**8. Wenn so lind dein Auge mir** Þegar augu þín horfa á mig svo blíðlega, flýr allt myrkur frá mér. Ekki láta ákefð ástarinnar hverfa. Enginn mun elska þig eins heitt og ég.

**9. Am Donaustrande** Á bökkum Dónár stendur hús, rjóð stúlka horfir út um gluggann. Stúlkan er vel varin, tíu slagbrandar eru settir fyrir dyrnar. Það er bara grín. Ég sprengi þá í loft upp eins og þeir væru úr gleri!

**10. O wie sanft die Quelle** Ó hve mildilega lækurinn hlykkjast um túnið. Ó hversu ljúft þegar ástin er endurgöldin.

**11. Nein, es ist nicht auszukommen** Nei, þetta fólk er óþolandi það túlkar allt á versta veg! Ef ég er glaður þá segir það að ég hafi annarlegar langanir, ef ég er rólegur þá segir það að ég sé brjáláður af ást!

**12. Schloesser auf, und mache Schlösser** Lásasmiðir, komið, búið til hengilása sem ekki er hægt að opna, svo ég geti lokað þessum illgjörnu munnum í eitt skipti fyrir öll!

**13. Vögelein durchrauscht die Luft** Lítil fugl flýgur um himininn að leita að grein. Þannig leitar eitt hjarta að öðru þar sem það getur hvílst í sælu.

**14. Sieh, wie ist die Welle klar** *Sjáðu hversu skýrar öldurnar eru í tunglskininu. Þú sem ert ástin mín, elskaðu mig líka.*

**15. Nachtigall, sie singt so schön** *Næturgalinn syngur svo ljúft þegar stjörnurnar sindra. Elskaðu mig, kæra hjarta, kysstu mig í myrkrinu.*

**16. Ein dunkeler Schacht ist Liebe** *Ástin er dimm gryfja, alltof hættulegur brunnur. Ég fell í hann, heyri hvorki né sé. Get aðeins rifjað upp hrifningu mína og stunið af sársauka.*

**17. Nicht wandle, mein Licht** *Ekki reika, ljósið mitt, þarna úti á túnunum. Jörðin væri of blaut fyrir viðkvæmu fætur þínar. Allir stígar þarna eru ófærir af bleytu því augun mín hafa grátið svo mikið.*

**18. Es bebet das Gesträuche** *Laufið titrar þar sem fugl á flugi hefur strokist við það. Eins titrar sál mín af ást, þrá og sársauka þegar hún hugsar um þig.*

## *Nafnaskrá*

**Sópran:** Bryndís Hákonardóttir, Dagný Björgvinsdóttir, Guðrún B. Vilhjálmsdóttir, Guðrún E. Gunnarsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir, Hildur K. Rafnsdóttir, Inga Erlingsdóttir, Ingibjörg Dalberg, Margrét Þómar, Ólína Thoroddsen, Sif Þorsteinsdóttir, Þórunn Ólafsdóttir

**Alt:** Anna Karlsdóttir, Arndís Inga Sverrisdóttir, Birna E. Óskarsdóttir, Elísabet Dolinda Ólafsdóttir, Gígja Baldursdóttir, Gróa Pétursdóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Helga Hjálmtýsdóttir, Hulda Hákonardóttir, Kolbrún Kristiansen, Laufey Tryggvadóttir, Margrét Guðnadóttir, Sigríður Óskarsdóttir

**Tenór:** Bergþóra S. Þorbjarnardóttir, Guðmundur Ludvigsson, Gylfi Árnason, Haraldur Þráinsson, Jóna Borg Jónsdóttir, Kristinn Ingason, Sigurður J. Grétarsson

**Bassi:** Bjarni Þór Björnsson, Hafþór Gylfason, Héðinn Valdimarsson, Jón Árnason, Knútur Árnason, Ludvig Guðmundsson, Ólafur Þór Gunnarsson, Sigurður Geirsson, Skúli Þór Magnússon

*Þakkir fyrir veittan stuðning frá Seltjarnarnesbær,  
Tónlistarskólinn og Seltjarnarneskirkja*

*Við þökkum öllum fyrir komuna og óskum ykkur gleðilegs  
sumars*

